

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 1 3. janúar 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóvember 1919, um lögreglu-samþykktir fyrir kaupstaðina, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 8. mars 1982.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

10. mars 1982.

Nr. 87.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Sauðárkróks.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 2. mars 1982 staðfest breytingu á aðalskipulagi Sauðárkróks að því er varðar eftirfarandi:

Áður ráðgert útivistarsvæði á spildu sem markast af Sauða að norðan og austan, Spítalavegi að sunnan og Sæmundarhlið að norðan hefur verið breytt í svæði undir opinberar byggingar.

Félagsmálaráðuneytið, 10. mars 1982.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

12. mars 1982.

Nr. 88.

GJALDSKRÁ

Löggildingarstofunnar fyrir löggildingu og eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum.

1. gr.

Löggildingargjöld.

1. Vogarlóð:		
Þyngd 1—200 g	kr.	3.00
Þyngd ½ kg — 20 kg	—	4.00
Þyngd 50 kg	—	9.00
Þyngd 4—8 oz	—	3.00
Þyngd 1 lb — 7 lb	—	3.00
Þyngd 8 lb — 20 lb	—	4.00
2. Metaskálar fyrir apótek og efnarannsóknarstofur:		
Burðarþol: Allar stærðir	kr.	20.00
3. Jafnarma vogir:		
Burðarþol: Allar stærðir	kr.	20.00
4. Tugavogir, hundraðsvogir og rennilóðsvogir:		
Burðarþol 10— 100 kg	kr.	20.00
Burðarþol 101— 500 kg	—	30.00
Burðarþol 501— 2 000 kg	—	45.00
Burðarþol 2 001— 15 000 kg	—	170.00
Burðarþol 15 001— 30 000 kg	—	180.00
Burðarþol yfir 30 000 kg	—	190.00